
Starfsemi Gildis-lífeyrissjóðs 2022

Hrein eign sjóðsins í árslok var samtals 913 milljarðar króna og lækkaði um 2,8 milljarða á milli ára. Á árinu greiddu 57.580 sjóðfélagar til Gildis og 27.744 fengu greiddan lífeyri. Samtals eiga 263.689 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.

Ávöxtun 2022




Markaðsaðstæður voru erfiðar á árinu 2022 og fáir eignaflokkar skiluðu jákvæðri ávöxtun. Erlend og innlend hlutabréf skiluðu heilt yfir neikvæðri ávöxtun, að undanskildum óskráðum fjárfestingum í hlutabréfum, framtakssjóðum, fasteignasjóðum og innviðasjóðum. Þá leið ávöxtun skuldabréfa sjóðsins fyrir neikvæð áhrif hækkandi vaxtastigs og aukinnar verðbólgu. Styrking erlendra gjaldmiðla gagnvart krónunni dró úr neikvæðri ávöxtun ársins.

Eignir samtryggingardeildar

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 905 milljörðum kr. í árslok 2022 og lækkaði um 3 milljarða króna á árinu. Hrein eign séreignardeildar í árslok 2022 var 7,8 milljarðar kr. og hækkaði um 160 milljónir kr. frá fyrra ári.

Eignir samtryggingardeildar skiptast þannig:



30,8%	Erlend hlutabréf (278,6 ma.)
23,1%	Innlend hlutabréf (208,9 ma.)
18,2%	Ríkistryggð skuldabréf (165,2 ma.)
15,6%	Önnur innlend skuldabréf (141,7 ma.)
8,7%	Veðskuldabréf (78,6 ma.)
2,5%	Innlán (22,6 ma.)
0,6%	Aðrar eignir (5,0 ma.)
0,5%	Erlend skuldabréf (4,9 ma.)

Vægi eigna samtryggingardeildar í erlendri mynt var 33,8% í árslok 2022, samanborið við 35,9% í árslok 2021. Í nýrri fjárfestingarstefnu Gildis fyrir árið 2023 er lagt upp með að auka við samanlagt vægi hlutabréfa og annarra fjárfestinga og draga á móti úr samanlögðu vægi skuldabréfa. Hlutfall innlendra hlutabréfa, fyrirtækjaskuldabréfa og skuldabréfa banka og sparisjóða er hækkað frá fyrri stefnu en á móti lækkar hlutfall skuldabréfa með ábyrgð ríkisins og erlendra skuldabréfa. Það er stefna Gildis að auka vægi erlendra eigna á komandi árum með það að markmiði að auka áhættudreifingu sjóðsins.

Efnahagsreikningur	í milljónum kr.	
	2022	**2021**
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	495.574	506.496
Skuldabréf	389.530	372.236
Bankainnstæður	23.130	32.182
Afleiðusamningar	0	152
Kröfur	5.423	5.046
Varanlegir rekstrarfjármunir	510	494
Skuldir	-916	-515
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**913.251**	**916.091**

Breytingar á hreinni eign	í milljónum kr.	
	2022	**2021**
Iðgjöld	39.704	33.902
Lífeyrir	-23.977	-21.217
Framlag ríkisins vegna örorku	2.238	1.973
Hreinar fjárfestingartekjur	-19.484	138.452
Rekstrarkostnaður	-1.325	-1.154
Breyting á hreinni eign á árinu	-2.840	151.957
Hrein eign frá fyrra ári	916.091	764.133
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**913.251**	**916.091**

Kennitölur samtryggingardeildar		
	2022	**2021**
Hrein nafnávöxtun	-2,2%	17,8%
Hrein raunávöxtun	-10,6%	12,4%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	4,8%	8,4%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	5,1%	7,1%
Hrein raunávöxtun (20 ára meðaltal)	4,3%	4,8%
Tryggingafræðileg staða	-3,9%	1,4%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	38.006	34.992
Fjöldi launagreiðenda	7.537	6.747
Fjöldi lífeyrisþega	27.305	26.503
Rekstrarkostnaður – hlutfall af iðgjöldum	3,1%	3,2%
Rekstrarkostnaður – hlutfall af eignum	0,14%	0,14%

Stjórn sjóðsins

Stefán Ólafsson, formaður, Gylfi Gíslason, varaformaður, Árni Bjarnason, Bjarnheiður Hallsdóttir, Freyja Önundardóttir, Gundega Jaunlinina, Margrét Valdimarsdóttir og Sverrir Sverrisson. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson.

Ársfundur 2023

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs árið 2023 verður haldinn fimmtudaginn 27. apríl klukkan 17.00 á Hótel Reykjavík Natura. Fundinum verður einnig streymt á heimasíðu sjóðsins. Dagskrá fundarins og nánara fyrirkomulag verður auglýst síðar.